



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar – FRN25060073
Ráðuneyti	
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	18.06.2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

Gengið er út frá því að lagt verði fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar á haustþingi 2025.

Fyrirséð er að efni frumvarpsins muni hafa áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Fjárhagsáhrif á ríkissjóð geta þó verið breytileg eftir því hvernig þróun atvinnuleysis er á ári hverju. Sú breyting sem lögð er til og gert er ráð fyrir að hafi í för með sér mest útgjaldaáhrif er stytting á hámarkslengd tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar úr, um tólf mánuði, eða úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Má áætla að við þessa styttingu myndu útgjöld atvinnuleysisbóta lækka um 6.000-6.600 m.kr. á ársgrundvelli. Er þar miðað við spá Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi á árinu 2025 sem stofnunin áætlar að verði á bilinu 3,8-4%. Stytting bóatímabils getur ekki tekið til einstaklinga sem þegar fá greiddar atvinnuleysisbætur og því kemur sparnaður fram síðar. Væntur sparnaður kæmi ekki fram fyrr en að 18 mánuðum liðnum eftir að breytingin tæki gildi og einungis hjá þeim sem missa atvinnu sína eftir þann tíma.

Breyting á lágmarksskilyrðum fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga; Í dag ávinnst hlutfallslegur réttur í kerfinu eftir aðeins 3 mánuði. Áætlaður sparnaður við að breyta lágmarksskilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta þannig að atvinnuleitandi þurfi að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði er allt að 200 m.kr á ári.

Áætlað er að breytt og einfölduð stjórnsýsla atvinnuleysistrygginga hafi sömuleiðis í för með sér lækkun útgjalda. Stjórnarlaun ársins 2024 vegna stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs námu um 3,5 m.kr. Stjórnarlaun ársins 2024 vegna Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi námu um 320 þús. kr. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að framangreindir sjóðir verði lagðir niður.

Í frumvarpinu verði jafnframt lagðar til breytingar á gildandi lögum sem hafa í för með sér útgjaldaaukningu. Gert er ráð fyrir að greiðsla desemberuppbótar til atvinnuleitenda verði lögfest. Má gera ráð fyrir því að heildarútgjöld vegna desemberuppbótar atvinnuleitenda verði um 400-450 milljónir kr., en slík desemberuppbót hefur verið greidd undanfarin ár.

Einnig er ljóst að gera þurfi ráð fyrir einskiptiskostnaði vegna innleiðingar á breyttum lögum hjá Vinnumálastofnun, s.s. vegna breytinga á tölvukerfum.

Áætlað er að heildarfjárhagsáhrif á ríkissjóð vegna frumvarpsins verði útgjaldalækkun um rúmlega 5.800 – 6.400 milljónir króna á ársgrundvelli.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum - Nei
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs – Að nokkru leyti. Gert er ráð fyrir 200 m.kr. útgjaldalækkun vegna breytinga á lágmarksskilyrðum fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga 2026.
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar - Að nokkru leyti. Gert er ráð fyrir 200 m.kr. útgjaldalækkun vegna breytinga á lágmarksskilyrðum fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga árið 2026 og svo 3.000 m.kr. útgjaldalækkun 2027 vegna styttingar bótatímabils atvinnuleysistrygginga.
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? Á ekki við
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?
Nei

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.
Engin áhrif
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
– Á ekki við
3. Samkeppnisskilyrði.
Engin áhrif

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.
Mat hefur enn sem komið er ekki verið lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun voru 55% af þeim sem fullnýttu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árunum 2023 og 2024 í vinnu í janúar sl. Þá voru 1,3% hópsins í fæðingarorlofi í janúar sl., 3% í námi og 6% fengu greiddan ellilífeyri. Tæp 13% hópsins fékk greiðslur frá Tryggingastofnun eða Sjúkratryggingum Íslands og 9% fékk fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi. Meirihlutinn var þó sem fyrr segir í vinnu í janúar sl.
2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).
Engin áhrif.
3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.
Engin áhrif
4. Áhrif á byggðalög.
Engin áhrif
5. Áhrif á frjáls félagasamtök.
Engin áhrif
6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði svo miklu nemi þar sem þeim er ætlað að gilda um alla sem sækja um atvinnuleysistryggingar, bæði launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga óháð kyni. Þó má ætla að fyrirhugaðar breytingar muni hafa almennt meiri áhrif á karla en undanfarin ár hafa að jafnaði verið fleiri karlar en konur skráðir án atvinnu hjá stofnuninni

7. Áhrif a lýðheilsu.

Engin áhrif

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Engin áhrif

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Engin áhrif

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Gert ráð fyrir að stjórnsýsla atvinnuleysistrygginga verði einfölduð

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Efni frumvarpsins snertir fyrst og fremst launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sækja um atvinnuleysistryggingar á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar, en ekki ert gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi misjöfn áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Engin áhrif.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Áætlað er að heildarfjárhagsáhrif á ríkissjóð vegna frumvarpsins verði útgjaldalækkun um rúmlega 5.800 – 6.800 milljónir króna á ársgrundvelli.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?